

Skýrsla um þróunarverkefnið Fjölbreytt námsmat

Hrafnagilsskóli
2006-2007

Nafn verkefnis:	Enska
Höfundur:	Kristín Kolbeinsdóttir
Tímabil:	Haustönn og vorönn
Árgangur/árgangar:	7. – 9. bekkur

Stutt lýsing á verkefninu:

Leiðarbækur/dagbækur. Fyrst eru umræður og síðan skráir kennari á töfluna það sem nemendur segja og þeir skrá það í bækurnar sínar:

- Markmið námsins
- Eigin markmið fyrir önnina
- Vikudagur
- Dagsetning
- Hugleiðing dagsins, getur verið um hvað sem er, veðrið, líðan, hádegismatinn, eitthvað skemmtilegt sem hefur komið upp, afmælisbarn/börn dagsins o.fl. slíkt
- Niðurstöður verkefna eða prófa, það er eigin ígrundun á því hvernig gekk
- Skrifleg vinna í tímum og heimavinna
- Upprifjun verkefna þegar það á við, t.d. áhorf á kvikmynd, verkefni frá fyrri tímum, vettvangsferðir eða athyglisverðir atburðir í samfélaginu/heiminum.

Hvað gekk vel?

Vinnan gekk mjög vel í 7. og 8. bekk og skráðu nemendur jafnt og þétt í bækurnar sínar. Ígrundun gekk oftast vel. Í 9. bekk virkuðu bækurnar mjög vel til hugleiðinga og eigin ígrundana eftir verkefnavinnu og próf. Útbúin var marklisti við mat á leiðarbókunum sem er nýbreytni og gagnaðist hann vel.

Hvað hefði mátt fara betur?

Kennari þarf að vera mjög staðfastur í að byrja hvern tíma á notkun bókanna og ganga eftir því að nemendur skrái í þær. Í 9. bekk var skráningin sjaldnar vegna þess að kennari stýrði ekki vinnunni alla daga. Þarf að vinna markvisst að því að nemendur tileinki sér notkun bókanna án stýringar þegar þeir eldast, sérstaklega sem tæki fyrir sjálfsmat og ígrundun á eigin námi.

Er hægt að nota verkefnið/námsmatið áfram? Er þörf á umbótum?

Bækurnar verða notaðar áfram og enn meiri áhersla lögð á ígrundun nemenda og eigin skráningu þeirra. Þarf að setja inn lista yfir þau atriði sem eiga að koma fram í bókinni þannig að nem. geti stýrt vinnunni meira sjálfir.

Hvernig upplifðu nemendur verkefnið/breytt námsmat?

Þetta er svo sjálfsagður hluti af náminu að nemendur minna kennara á ef hann sleppir því að skrá í bókina. Þeim finnst flestum sérstaklega gaman að fá að skreyta bækurnar og gera þær fallegar og skrifa hugleiðingar og verkefni frá eigin brjósti.

Hvaða áhrif hafði verkefnið/námsmatið á kennslu og kennsluhætti?

Bókin gildir alltaf hluta af einkunn og nemendur umgangast hana með tilliti til þess. Ég hef notað þessar bækur síðan ég byrjaði að kenna ensku í Hrafnagilsskóla árið 2001 og smáþróað þær til þess sem þær eru í dag. Þær hafa ekki breytt námsmatinu heldur skráningu þess fyrst og fremst.